

Stjórn Byggðasamlags um Tónlistarskóla Austur-Húnavetninga  
28. fundur

**Fundur í stjórn Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, haldinn 12. júní 2014  
kl. 17.00 á Húnavöllum.**

Mætt: Heiðrún Bjarkadóttir, Blönduósi. Helga Björg Ingimarsdóttir, Skagabyggð, Halldór G. Ólafsson, sveitarfélaginu Skagaströnd, Ingibjörg Sigurðardóttir, Húnavatnshreppi, Skarphéðinn Einarsson og Jens P. Jensen.

Heiðrún Bjarkadóttir, formaður setti fundinn kl. 17.00 og stjórnaði honum.

**Dagskrá:**

**1. Skýrsla skólastjóra.**

Skarphéðinn Einarsson kynnti starfsemi skólans undanfarið tímabil. Lagðar voru fram tölur um skráningu nemenda næsta skólaár. Alls hafa skráð sig 86 nemendur skólaárið 2014-2015 í 78.5 klst á viku. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á fastráðnum kennurum, en starfshlutföll gætu breyst.

**2. Skólagjöld, skólaárið 2014-2015.**

Skólastjóri lagði fram tillögu um skólagjöld fyrir skólaárið 2014-2015.

Gjaldskrá skólagjalda, hljóðfæraleiga og reglur um afslætti skólagjalda, nám 6 til 19 ára. Vegna náms 20 ára og eldri er gert ráð fyrir 25% álagi á gjaldskrána.

Fullt nám.	56.100 kr.
Hálft nám.	38.100 kr.
Blokkflautunám.	29.300 kr.

Hljóðfæraleiga. 12.900 kr.

Fjölskylduafsláttur:  
2 nemendur 10% afsl.  
3 nemendur 20% afsl.  
4 nemendur 30% afsl.  
5 nemendur 40% afsl.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

**3. Fjárhagsáætlun 2014/bókfærð staða.**

Bókfærð staða eftir fyrstu 5 mánuði ársins 2014 er í góðu samræmi við áætlun ársins.

**4. Önnur mál.**

Skarphéðinn gerði grein fyrir því að það vantaði tónmentakennara í alla grunnskóla á svæðinu. Rætt um þann möguleika að kennarar Tónlistarskóla A-Hún tækju þessa kennslu að sér.

Fráfarandi stjórn Tónlistarskóla A-Hún telur að mikilvægt sé að unnið verði að því að tónlistarkennsla á Blönduósi verði færð inn í Blönduskóla. Verði gerðar breytingar á húsnæði grunnskólans telur stjórn tónlistarskólans að selja eigi Húnabraut 26 og tónlistarskólinn eignist í staðinn rými innan Blönduskóla, sem hannað verði sérstaklega til þess að mæta þörfum tónlistarkennslu.

Lagt fram kennimerki (logo) fyrir Tónlistarskóla A-Hún og samþykkt. Heimasíða skólans er tonhun.is

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18.10

Helga Ingimarsdóttir  
Halldór G. Ólafsson  
Ingibjörg Sigurðardóttir  
Heiðrún Bjarkadóttir  
Jens P. Jensen